

3. ágúst 2022

Erindi til fjölskylduráðs Múlaþings vegna skólaaksturs í Eiða- og Hjaltastaðarþinghá

Undirritaðir foreldrar barna í Eiða- og Hjaltastaðarþinghá óska eftir því að öllum skólaakstri í þinghárnar verði breytt í almenningssamgöngur, líkt og tíðkast með skólaakstur í Brúarásskóla¹. Eins og kemur fram í Æskulýðsstefnu Múlaþings, er markmið sveitarfélagsins að stuðla að því að „börn og ungmenni þroski með sér jákvæða sjálfsmýnd og sterka félagsfærni“, til að þróa með sér sterka félagsfærni þurfa börnin okkar tækifæri til að leika við önnur börn utan skólatíma og til að börnin okkar njóti sömu tækifæra og börn í þéttbýli er nauðsynlegt að þau megi taka vini sína með heim með skólarútunni.

Einnig óskum við eftir að bætt verði við skólaaksturinn annarri heimferðarrútu sem færi seinna um daginn þegar eldri börnin hafa lokið íþróttaiðkun og tómsfundum, leggjum við til að lagt verði upp frá íþróttahúsinu á Egilsstöðum kl 18:35. Þetta myndi jafna aðgengi okkar barna að íþróttastarfi og tómsfundum, bæta félagslega aðstöðu barnanna og minnka talsvert kolefnisútblástur, því við erum öll að keyra okkar einkabíla stanslaust inní Egilsstaði til að sækja og skutla börnunum. Þetta fellur inn í æskulýðsstefnu Múlaþings þar sem segir að „heilsuefling barna og ungmenna grunnstef í allri vinnu í sveitafélaginu“, og eru leiðirnar sem Múlaþing býður uppá að „hvetja markvisst til notkunar umhverfisvænna ferðamáta“ og „halda úti gjaldfrjálsum almenningssamgöngum.“²

Væru tvær heimferðarrútur sem virkuðu sem almenningssamgöngur myndi það einnig opna á að þau börn sem færu heim með fyrri heimferðarrútunni gætu tekið með vin heim í sveitina, og sent svo vininn aftur heim til sín í þéttbýlið með seinni heimferðarrútunni, sem aftur minnkar akstur einkabíla.

Nú búum við í sameinuðu sveitarfélagi, þar sem Múlaþing býður öllum frítt í strætó innan og á milli Egilsstaða og Fellabæjar, strætóinn fer 17 ferðir á dag, stanslaust frá 7:20 til 20:09³. Á svæði þar sem all flest er í göngufæri.

¹ [Landsbyggðastrætó / strætó | Múlaþing \(mulathing.is\)](#)

² [fjotsdalsherad_aeskulydsstefna_net2.pdf \(mulathing.is\)](#)

³ [Strætó tímatafla | Sæti ehf – hópferðir \(saeti.is\)](#)

Við fögnum þessum framfaraskrefum sem tekin hafa verið í bættum almenningssamgöngum í Múlaþingi og hlökkum til að njóta sömu fríðinda á okkar svæði þar sem fæst er í göngufæri.

Rétt eins og loftbrúin er nauðsynleg okkur sem búum á landsbyggðinni til að sækja þjónustu til Reykjavíkur, eru bættar almenningssamgöngur nauðsynlegar okkur sem búum í dreifbýlinu til að sækja þjónustu í næsta þéttbýliskjarna.

Það er okkur mikið hjartans mál að börnin okkar njóti sömu tækifæra til félagslegra þroska og iðkunar íþróttar og tómstunda, eins og jafnaldrar þeirra í þéttbýlinu.

Með von um góðar undirtektir

Ingvar Rafn Stefánsson
María Guðbjörg Guðmundsdóttir
Lilja Sigurðardóttir
Þórhallur Ásmundsson
Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir
Edda Ósk Gísladóttir
Sigrún Júnía Magnúsdóttir
Einar Kristján Eysteinnsson
Þórunn Ósk Benediktsdóttir
Sigbjörn Óli Sævarsson
Þórarinn Páll Andrésen
Indiana Ósk Magnúsdóttir
Berglind Erla Halldórsdóttir
Ágúst Þór Margeirsson
Helga Rún Jóhannsdóttir
Jón Elvar Gunnarsson
Elínborg Sædís Pálsdóttir
Hálfván Helgi Helgason
Heiðrún Erla Hjartardóttir
Örvar Már Jónsson